

Fundargerð

18. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 16. nóvember 2021, á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri og Íris Berg Bryde verkefnastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 17. samþykkt.

2. Fjármál.

Gjaldkeri gerði grein fyrir 9 mánaða uppgjöri og útkomuspá 2021, samanburð við 2019 og 2020. Farið yfir kennitölur. Umræður. Stjórn gerði ekki athugasemdir við uppgjörið né útkomuspána. Rætt um fjárhagsáætlun 2022, gjaldkeri sendir stjórn rafrænt eftir fundinn.

3. Haust úthlutun úr afrekssjóði FRÍ

Afrekstjóri gerði grein fyrir tillögum um seinni úthlutun 2021. Stjórn fór yfir tillögurnar. Tillögurnar voru samþykktar af stjórn. Afreksstjóra þakkað fyrir góða vinnu við yfirferð og undirbúning úthlutunar.

4. Formannafundur

Formaður sagði frá dagskrá formannafundar sem verður rafrænn 27.11.21 og hefst kl. 10.00. Farið yfir dagskrárliði. Fundurinn er opinn og verður verið sent út fundarboð á öll aðildarfélögin, auk þess sem fundurinn verður boðaður á samfélagsmiðlunum.

5. Uppskeruhátíð

Í ljósi Covid og nýrra sóttvarnarreglna hefur verið ákveðið að hafa uppskeruhátíðina rafræna. Verkefnastjórum FRÍ falið að ganga til verka. Stjórn mun fá sendar tillögur að uppskeruverðlaunum og tillögu um frjálsíþróttakonu og frjálsíþróttakarlf ársins.

6. Þjóðarleikvangur

Framkvæmdastjóri og ritari gerðu grein fyrir því að ennþá er verið að dropa steininn fyrir næsta skref sem er að geta hafið undirbúning, skipulagsvinnu og hönnun á þjóðarleikvangi á suðursvæðinu. Eins og áður er stjórnarsýslan tafsöm og ýmis ljón í veginum.

7. Önnur mál

a. Þjónustugjöldin. Verkefnastjóri gerði grein fyrir innheimtu og úrlausnarverkefnum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:47 með því að fundarmenn veltu fyrir sér rafrænum jólaskreytingum.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.